

Eineltisáætlun Brúarskóla

Skilgreining á einelti

Einelti er hegðun sem er meiðandi, særandi eða niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og er til þess fallin að mismuna, ógna, útiloka og valda vanlíðan hjá þeim sem hegðun beinist að. Hegðunin er síundurtekin og stendur yfir í lengri tíma (ekki einstakt atvik), og sá sem verður fyrir eineltinu á erfitt með að verjast.

Algengt er að hinir fullorðnu taki ekki eftir því sem fram fer. Sá sem verður fyrir einelti vill oft ekki segja frá því sem gerist af ótta við þá sem leggja í einelti. Það er því mikilvægt að allir séu á verði og þekki einkenni eineltis.

Einelti getur meðal annars verið:

- **Líkamlegt:** Barsmíðar, spörk, hrindingar
- **Munnlegt:** Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni
- **Skriflegt:** Neikvæð tölvu- og símasamskipti, krot
- **Óbeint:** Baktal, útskúfun
- **Efnislegt:** Eigum stolið eða þær eyðilagðar
- **Andlegt:** Barn þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu

Forvarnir

Í Brúarskóla er áhersla á forvarnir svo koma megi í veg fyrir einelti.

Lögð er áhersla á að:

- Nemendur fái þjálfun í að vinna í hóp og læri að sýna **virðingu, jákvæðni og ábyrgð**
- Skólareglur séu sýnilegar, öllum ljósar og þeim framfylgt
- Kenna nemendum og þjálfra þá markvisst í samskiptum og hegðun
- Fræða nemendur um einelti og ræða um það við þá
- Gæsla í skólanum sé stöðug og virk
- Gera reglulega könnun á líðan nemenda í skólanum

Meðferð eineltismála

Í Brúarskóla er lögð áhersla á að tekið sé strax á málinu ef grunur er um einelti.

Ef grunur er um einelti þarf að:

- Láta umsjónarkennara og eineltisteymi vita
 - Allar tilkynningar um grun um einelti eru teknar alvarlega og skráðar.
- Gera óformlega könnun - fylgjast með viðkomandi nemendum í kennslustundum og útivist. Spyrjast fyrir meðal samstarfsfólks. Allir starfsmenn bera ábyrgð.

Ef grunur um einelti styrkist við þessa könnun er haft samband við foreldra þess barns sem grunur leikur á að verði fyrir einelti. Ef samtalið við foreldra staðfestir grun um einelti er óskað eftir samþykki foreldra fyrir að eineltisteymi fái málið til frekari vinnslu. Ef samtalið bendir ekki til þess að um einelti sé að ræða þarf að fara aðrar leiðir til að leysa vandann.

Ef einelti á sér stað og eineltisteymi fær samþykki foreldra gerir eineltisteymi, ásamt umsjónarkennara, áætlun um hvernig gripið verður inn í málið, innan tveggja virkra daga. Í áætluninni kemur fram hver gerir hvað og í hvaða röð, gátlisti um einelti frá Reykjavíkurborg er hafður til leiðbeiningar.

Ferill inngrips:

- Rætt við þann nemanda sem einelti beinist að, og foreldra hans (fyrst)
- Rætt við foreldra þess/þeirra nemanda sem taldir eru standa fyrir eineltinu, og síðan við nemendurna sjálfa – hvern í sínu lagi ef um er að ræða fleiri en einn nemanda (eftir að rætt hefur verið við þann sem eineltið beinist að)
- Hugað að því hvort gera eigi skriflega könnun á líðan og/eða félagatengslum í hópnum eða gera vettvangsathugun í hópnum
- Inngrip og þær upplýsingar sem koma fram skráð
- Ákvörðun tekin um úrvinnslu og eftirfylgd
 - í samræmi við málsatvik og aldur og þroska viðkomandi barna

Mikilvægt að haft sé í huga að:

- Verja þolanda gegn frekari áreiti og láta hann vita hvaða stuðning hann fái
- Vera í samstarfi við foreldra/forráðamenn þeirra nemenda sem eiga hlut að máli og hafa gott upplýsingaflæði um vinnslu málsins
- Leiðbeina foreldrum/forráðamönnum um þeirra ábyrgð og hvað þau geta gert til að aðstoða barnið sitt

- Ákveða/skoða hvaða stuðning skólinn getur veitt þolendum og gerendum
- Ákveða hvort skólinn þurfi aðstoð utanaðkomandi aðila til þess að leysa málið, s.s. frá þjónustumiðstöð, barnavernd.
- Fylgja málinu eftir og loka því formlega þegar sátt hefur náðst milli allra aðila sem eiga hlut að máli.

***Umsjónarkennari ásamt eineltisteymi ber ábyrgð á að eineltismálum sé fylgt eftir.
Skólastjóri ber þó endanlega ábyrgð á lausn eineltismála.***

Eineltisteymi Brúarskóla

Hlutverk eineltisteymis Brúarskóla er að:

- Vera umsjónarkennurum til ráðgjafar og stuðnings þegar grunur um einelti kemur upp
- Vinna að lausn eineltismála sem upp koma í samvinnu við umsjónarkennara, samkvæmt eineltisáætlun og gátlista um einelti frá Reykjavíkurborg
- Fylgja eftir lausn eineltismála, þ.e. fylgjast með að málið sé leyst og taki sig ekki upp aftur

Í eineltisteymi Brúarskóla sitja:

- skólastjóri
- aðstoðarskólastjóri
- sálfræðingur/hegðunarráðgjafi

Mögulegar vísbendingar um að barn verði fyrir einelti

Tilfinningalegar

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, viðkvæmni.
- Svefntruflanir, fær martraðir.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi - ofát.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Depurð, þunglyndiseinkenni, sjálfsvígshugsanir.

Líkamlegar

- Líkamlegar kvartanir t.d. höfuðverkur, magaverkur, sérstaklega á morgnana.
- Barnið verður niður dregið eða órólegt á sunnudagskvöldum eða síðasta kvöldið í skólaleyfi.
- Kvíðaeinkenni t.d. nagar neglur, stamar, kækir ýmis konar.
- Rifin föt og/eða skemmdar eigur.
- Líkamlegir áverkar s.s. skrámur og marblettir sem barnið getur ekki útskýrt.

Félagslegar

- Barnið virðist einangrað og einmana.
- Barnið fer ekki í og fær ekki heimsóknir.
- Barnið á fáa eða engi vini og vill ekki taka þátt í félagsstarfi.

Hegðun

- Óútskýrð skapofsaköst og/eða grátköst.
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að því.
- Árásargirni og erfið hegðun.

Í skóla

- Barnið hræðist að fara eitt í skóla og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrir af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Byrjar að skrópa.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund.
- Barnið hættir að sinna náminu, einkunnir lækka, erfiðleikar með einbeitingu.
- Einangrar sig frá skólafélögum.

Á heimili

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum fjölskyldumeðlimum.

- Biður um auka vasapening.
- Týnir peningum og/eða öðrum eigum.
- Neitar að leika sér úti eftir skóla.
- Barnið byrjar að leggja önnur börn eða systkini í einelti.
- Reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra.
- Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einhver ofangreindra einkenna eða önnur sem benda til að barninu líði illa er mikilvægt að kanna málið. Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að tilkynna það til umsjónarkennara, deildarstjóra eða námsráðgjafa.